

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/793
komudagur 7.1.2014

Reykjavík 7. janúar 2014

Efni: Umsögn um þingskjal 244 - 196. mál. Tillaga til þingsályktunar um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi.

Listasafn Íslands fagnar því að sett verði fram markviss og heildstæð stefna um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar. Safnið leggur áherslu á að slík stefna feli í sér örugga varðveislu áþreifanlegra minja ásamt varðveislu upplýsinga um slíkar minjar á stafrænu formi sem eru aðgengilegar öllum.

Safnið bendir á mikilvægi Sarps, menningarsögulegs gagnasafns (sjá www.sarpur.is) í þessu sambandi en í Sarpi eru varðveittar upplýsingar og stafrænar myndir um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefnalýsingar ásamt öðru efni frá öllum helstu minja- og listasöfnum landsins. Þessar upplýsingar er hægt að gera aðgengilegar fyrir alla á ytri vef Sarps. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji við frekari þróun Sarps og skráningu safna í gagnagrunninn til að tryggja aðgengi allra að upplýsingum um muni, minjar og listaverk í íslenskum söfnum.

Mögulegt er að auka aðgengi að Sarpi með því að tengja Sarp við vefgáttinni Europeana sem er ein helsta menningarvefgátt Evrópu. (<http://www.europeana.eu/>)

Stafræn gagnasöfn eru mikilvæg tæki til varðveislu menningarminja en þau geyma aðeins upplýsingar og koma aldrei í stað muna, minja eða listaverka og því er mikilvægt að tryggja örugga varðveislu sjálfra safngripanna með fullnægjandi forvörslu og varðveisluhúsnæði safna. Þetta á einkum við um höfuðsöfnin, Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrminjasafn Íslands sem eru á ábyrgð Íslenska ríkisins og lykilstofnanir í varðveislu menningararfsins.

Í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni er bent á þær hörmulega afleiðingar sem stríðsrekstur getur haft varðandi glötun menningarverðmæta og skal í því sambandi bent á að náttúruhamfarir geta ekki síður haft alvarlegar afleiðingar. Því er mjög mikilvægt hér á landi að fyrirbyggja eyðileggingu menningarminja samfara t.d. eldgosum, jarðskálftum og flóðum. Alþjóðleg nefnd Bláa skjaldarins, *The International Committee of the Blue Shield – ICBS* er mikilvægur liður í þeirri baráttu en samtökin vinna að verndun menningararfs sem er í hættu vegna átaka eða náttúruhamfara og er nú unnið að stofnun landsdeildar á Íslandi. ICBS-nefndin var stofnuð árið 1996 af alþjóðlegum fagfélögum þeirra sem vinna við söfn, bókasöfn og skjalasöfn til að ná fram markmiðum Haag sáttmálans frá 1954 um verndun menningararfs sem er í hættu vegna átaka eða náttúruhamfara. Því miður er hefur ríkisstjórn Íslands ekki fullgilt Haag sáttmálann frá 1954 en slík fullgilding væri mikilvægt skref í varðveislu menningararfs á Íslandi.

Á síðustu áratugum hafa orðið til raunveruleg stafræn menningarverðmæti sem aðeins eru til á stafrænu formi. Þetta eru t.d. ljósmyndir, vídeóverk, og önnur listaverk sem eru unnin í tölvum. Mjög mikilvægt er að tryggja varðveislu þessara verka vegna örra framfara á sviði starfænnar tækni. Einn liður í varðveislu þessa efnis er stofnun Vasulka-stofu við Listasafn Íslands en markmið hennar er að varðveita þann hluta íslenskrar listasögu sem lýtur að vídeó- og margmiðlunarlist m.a. með því að bjarga myndböndum frá skemmdum og koma þeim á stafrænt form til framíðarvarðveislu og varðveia tækni og tækja sem horfin eru af sjónarsviðinu.

Listasafn Íslands styður heilshugar umrædda þingsályktun og markmið hennar sem er annars vegar að koma í veg fyrir að menningarverðmæti glatist eða eyðileggist og hins vegar að auðvelda fólki aðgang að menningarverðmætum á stafrænu formi.

(See attached file: umsogn244-mal196.tif)

F.h. Listasafns Íslands,

Sigríður Melrós Ólafsdóttir